



BORGARRÁÐ 4. febrúar 2021: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um ráðstöfun hundaeftirlitsgjalda og lögmæti starfsemi Dýrabjónustu Reykjavíkur - R20110224

T-póstur

Málsnúmer: USK2021020044

Bréfalyklar: 7.3 Hundahald

Eigandi skjals: Anna María Arnardóttir

Staða: Í vinnslu

Dagsetningar:

Búið til: 08.02.2021

Dagsetning skjals: 08.02.2021

Upplýsingar um viðskiptavin:

Netfang: Olof.Magnusdottir@reykjavik.is

Skjalalykill Móttökudags.	7.3 Hundahald 08.02.2021	Málsnúmer Skráð í GoPro	USK2021020044 08.02.2021
------------------------------	-----------------------------	----------------------------	-----------------------------

Viðtakandi	Sendandi
Deild (Ráðhúss)	Fyrirtæki/stofnun
Starfsmaður	Nafn
	Kennitala:

Tegund skjals Efnisorð	T-póstur	Fyrir Borgarráð
---------------------------	----------	-----------------

Sent:

Sent til:

Notandi: Olof.Magnusdottir@reykjavik.is

Dagsetning: 8.2.2021 13:53:11

Til: "USK Þjónusta netfang" <usk@reykjavik.is>

Efni: Fw: BORGARRÁÐ 4. febrúar 2021: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um ráðstöfun hundaeftirlitsgjalda og lögmæti starfsemi Dýrabjónustu Reykjavíkur - R20110224

Tilvísun í mál: R20110224

Sæl

Meðfylgjandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um ráðstöfun hundaeftirlitsgjalda er send umhverfis- og heilbrigðisáði til meðferðar.

Í samræmi við breytt verklag við fundi borgarráðs er fyrirspurnin nú á forræði umhverfis- og heilbrigðisráðs og leggja skal svarið fram á þeim vettvangi þegar það er fullunnið.

Ekki þarf að upplýsa borgarráð um frekari vinnslu málsins.

Kveðja,

Ólöf Magnúsdóttir

Skrifstofa borgarstjórnar

Ráðhús Reykjavíkur

s. 411 4703

olof.magnusdottir@reykjavik.is

R20110224

BORGARRÁÐ 4. febrúar 2021: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um ráðstöfun hundaeftirlitsgjalda og lögmæti starfsemi Dýraþjónustu Reykjavíkur - R20110224

BORGARRÁÐ 4. febrúar 2021: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um ráðstöfun hundaeftirlitsgjalda og lögmæti starfsemi Dýraþjónustu Reykjavíkur - R20110224

Fyrirspurn Flokks fólksins í framhaldi af framlagningu borgarstjóra um ósk um samþykki borgarráðs að stofnun Dýraþjónustu Reykjavíkur DÝR: Hvernig má það vera að Hundaeftirlitið kostar það sama árum saman þrátt fyrir að mál þess dragist mikið saman? Ef litið er á þróun verkefna hundaeftirlits Reykjavíkur síðastliðin 20 ár, er auðséð að verkefnum hefur fækkað gríðarlega. Sem dæmi voru 159 hundar vistaðir í geymslu árið 2000, en aðeins 8 hundar allt árið 2018, og kvörtunum hefur fækkað um mörg hundruð niður í nokkra tugi. Samt sem áður hefur starfsgildum ekkert fækkað og kostnaðurinn stendur því í stað sem hlýtur að teljast léleg nýting á fjármunum hundaeigenda. Óskað er eftir rökstuðning um hvernig hundaeftirlitsgjöldum er ráðstafað. Fulltrúi Flokks fólksins spyr hvor lögfræðingur borgarinnar sé búinn að gera úttekt á því hvort þessar tillögur samræmist þeim lögum sem eru í gildi, þ.e. 7/1998 lög um hollustuhætti og mengunarvarnir og 55/2013 lög um velferð dýra.

Efni: Svar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokk fólksins um ráðstöfun hundagjalda.

Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur (HER) barst erindi frá borgarráði dags. 8. febrúar 2021, tilvísun í mál R20110224 um fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokk fólksins um ráðstöfun hundagjalda. Í erindinu var einnig spurt um lögmæti starfsemi Dýraþjónustu Reykjavíkur sem HER gerir ráð fyrir að Borgarráð hafi sent til þess bærum aðilum (Borgarlögmanni) til svörunar.

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúans um ráðstöfun hundagjalda er eins og það er orðað í fyrirspurninni "Hvernig má það vera að Hundaeftirlitið kostar það sama árum saman þrátt fyrir að mál þess dragist miði saman?". Því er til að svara að rekstrarkostnaður við hundaeftirlit hefur ekki verið eins gegnum áratugina. Allir sem kunnugir eru rekstri vita að stærstu kostnaðarliðirnir s.s. laun, húsaleiga, rekstur bifreiða og annar kostnaður hækkar milli ára, hvað þá yfir 20 ára tímabil. Hins vegar hafa hundagjöldin þrátt fyrir þetta verið þau sömu frá árinu 2016 og því hundagjöldin staðið í stað með tilheyrandi aukakostnaði fyrir sveitarfélagið (skattgreiðendur) sem því nemur. Eins og marg oft hefur verið útskýrt í svörum til áheyrnarfulltrúans þá á hundaeftirlitið að standa undir sér miðað við núgildandi reglur. Núna verið m.a. að leita leiða að með stofnun Dýraþjónustu Reykjavíkur að auka hagræðingu og samnýtingu mannafla er varðar almennt skyldur sveitarfélagsins um allt það sem varðar dýr og dýrahald.

HER bendir á að jákvæð þróun hefur verið í hundahaldi borgarbúa gegnum áratugina sem sýnir sig í færri brotum á hundasamþykkti og aukinni sátt borgaranna um hundahald. Slík þróun leiðir til minni árekstra og því eins og áður sagði, gefur tilefni til breytinga eins og nú eru fyrirhugaðar.

Að öðru leyti er vísað í fjölmörg svör HER um sömu fyrirspurnir og hér eru settar fram og annað það sem eru lögboðnar skyldur HER sem og sveitarfélagsins um það sem varðar hundahald í Reykjavík.

Virðingarfyllst
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Árný Sigurðardóttir
framkvæmdastjóri